

tilhlýðilega kenndar meðan hann er fjærverandi, án nokkurs 1862.
 kostnaðar fyrir ríkissjóðinn; skal honum og veittur 300 ríkis- 15. febrúar.
 dala styrkur af þeim 4000 ríkisdöllum, sem til færðir eru í
 fjárlögum þessa árs 9. gr. G. c., til að ferðast hëðan til Þjóð-
 verjalands, og eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að ávísa
 honum fê þetta úr jarðabókarsjóði Íslands fyrir 1. aprílm. þ. á.,
 með því skilyrði, sem að ofan er getið.

10. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyrir- 22. febrúar.
valdanna á Íslandi, um sölu á kirkjujörðinni Seli.

Útaf bænarskrá þeirri, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 16. októberm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegn-
 legum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknast 16. þ.
 m. allramildilegast að veita leyfi til, að eignarjörð Reykja-
 víkur dómkirkju, Sel, sem er í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur
 kaupstaðar, sê seld Magnúsi bónda Jónssyni á Bráðræði fyrir
 1500 ríkisdala kaupverð, á þann hátt, að einn þriðjungur
 kaupverðsins að minnsta kosti sê greiddur undir eins, en tveir
 þriðjungar þess megi vera óborgaðir, ef sett sê fyrir þeim fyrsta
 veð í jörðinni, og goldið af 4 af hundraði í vöxtu á ári; þó
 skuli jörðin fyrst boðin til kaups með sömu skilmálum þeim
 landsetum, sem nú eru á henni; en fyrir þann hluta kaupverðs-
 ins, er þegar verður greiddur, skuli keypt ríkisskuldabréf, er
 svarað sê af 4 af hundraði í vöxtu, og hljóði upp á Reykja-
 víkur dómkirkju-brauð.

Þetta skal yður kunngjört, til þess þér hagið yður eptir
 því og gjörið ýtarlegri ráðstafanir í því efni.